



Reykjavík, 9. mars 2022

ITR22030008

Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð
Borgartúni 14

105 Reykjavík

Íþróttamannvirki í Breiðholti

Íþróttafélag Reykjavíkur hefur annast rekstur íþróttahúsa í Breiðholti með sérstökum samningi við ÍTR. Þau íþróttahús sem um ræðir eru Íþróttahús Breiðholtsskóla, Íþróttahús Seljaskóla, Íþróttahúsið við Austurberg og knatthús í S-Mjódd. Samningurinn er til desember 2022. Síðar á þessu ári bætast við tvö ný mannvirki, íþróttahús og frjálsíþróttavöllur í S-Mjódd.

Þegar nýtt íþróttahús ÍR í S-Mjódd verður tekið í notkun í haust verður ÍR að fullu með starfsemi þar, bæði æfingar og keppnir í handknattleik og körfuknattleik.

Þá mun ÍR annast rekstur á Íþróttahúsi Seljaskóla og knatthús í S-Mjódd auk frjálsíþróttavallar.

Við þetta losnar um tíma í íþróttahúsi við Austurberg sem ÍR hefur rekið.

Þá er gert ráð fyrir því að skólaíþróttahús við Breiðholtsskóla og Fellaskóla verði áfram nýtt fyrir íþróttastarf félaga og almennings.

Æfingatímar og mót á vegum fleiri félaga gætu þá farið fram í Austurbergi og endurskipulagning færi fram á æfingatöflum í Austurbergi og Íþróttahúsi Fellaskóla. ÍBR og ÍTR munu á næsta fundi ráðsins kynna tillögur að nýtingu og rekstri íþróttamannvirkja í Breiðholti.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.